

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 1. apríl 2019  
Erindi 201902294/50.13 uvi

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um tillögu til þingsályktunar um velferðartækni sbr. þskj. 343-296. mál.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar 1392. fundur (28.3.2019) tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar Alþingis þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktun um velferðartækni sbr. bréf dags. 21.2.2019. Umsögn bæjarráðs er eftirfarandi:

*Velferðarþjónusta hinna Norðurlandanna hefur ákveðið forskot í þróun þjónustu og innleiðingu nýjunga á sviði velferðartækni sem án efa getur nýst vel við mat á því hvaða þættir velferðartækni eigi við.*

*Á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er starfandi hópur um velferðartækni og styður tillagan við það verkefni sem er hluti af lögbundinni sóknaráætlun landshluta. Um er að ræða þverfaglegt samráð um innleiðingu á stefnu í velferðartækni ásamt því að miðla þekkingu og reynslu á sviði málaflokksins. Samstarfsaðilar verkefnisins eru lykilstarfsmenn sveitarfélaga á sviði velferðar- og upplýsingamála, samtök sveitarfélaga á Íslandi, velferðarráðuneyti og eftir atvikum samtök fyrirtækja. Í starfinu er gert er ráð fyrir upplýsingaöflun erlendis og samstarfi á norrænum grunni.*

*Í ljósi fyrrgreinds er ástæða er til að fagna framkominni þingsályktunartillögu sem styður án efa vel við sóknaráætlun landshluta sem Mosfellsbær er þátttakandi í.*

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

